

Fimmtudaginn 8. júní 1995.

Nr. 17/1993.

Ásta Bjarnadóttir

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

gegn

Tómasi Kristjánssyni

Sigrúnu Óskarsdóttur

Margréti Óskarsdóttur og

Haraldi Ellingsen

(Sveinn Snorrason hrl.)

Kröfugerð. Aðild. Umferðarréttur. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1993 og gerir eftirfarandi aðalkröfu:

„1. Að staðfestur verði réttur áfrýjanda til að leggja veg að sumar-bústaðarlandi sínu í landi Miðengis, Grímsneshreppi, Árnessýslu, frá gamla Álftavatnsveginum, sem liggur nálægt vestanverðum lóðarmörkum sumar-bústaðalanda stefndu. Vegur áfrýjanda liggi á svæði norðan við land stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds og sunnan við land stefnda Tómasar. Vegarstæðið verði fimm metra breitt, það er fyrir fjögurra metra breiðan veg, og 50 cm svæði frá vegkanti að girðingu hvorum megin.

2. Að staðfest verði skylda stefnda Tómasar að fjarlægja án tafar girðingu sína, sem liggur að austanverðu vegarstæði stefnanda á áttatíu og fimm metra kafla austast, – einnig, að staðfest verði skylda stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds að fjarlægja án tafar girðingu sína, er liggur að vestanverðu vegarstæði áfrýjanda á áttatíu og fimm metra kafla vestast.

3. Að staðfestur verði réttur áfrýjanda til að bæta við vegarstæðið, eins og það nú er afmarkað með girðingum, annars vegar stefnda Tómasar og hins vegar stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds, þannig, að það nái alls staðar fimm metra breidd. Verði vegarstæðið breikkað til norðurs upp í fimm metra breidd á áttatíu metra

kafla austast á vegarstæðinu og til suðurs í fimm metra heildarbreidd á áttatíu metra kafla á vesturhluta vegarstæðisins.

4. Krafist er staðfestingar á ofangreindum atriðum í liðum 1 til 3, án þess að til komi endurgjald eða bætur stefndu til handa.“

Fyrir Hæstarétti ber áfrýjandi fram eftirfarandi varakröfu, sem hann hafði ekki uppi í héraði: „Að viðurkenndur verði réttur áfrýjanda gagnvart stefndu til að gera akfæran veg eftir vegarstæði frá gamla Álftavatnsveginum (braut 6) að sumarbústaðarlandi áfrýjanda milli núverandi girðinga, sem stefndu hafa girt vegna sumarbústaðalanda sinna.“

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómendur gengu á vettvang ásamt lögmonnum aðila og fleirum.

I.

Stefndu andmæla varakröfu áfrýjanda sem of seint fram kominni. Einnig mótmæla þau varakröfunni með þeim rökum, að eigandi jarðarinnar Miðengis sé ekki meðal málsaðila, og verði því krafan ekki gerð í þessu máli. Loks telja stefndu, að ekki sé unnt að taka varakröfuna til greina, sökum þess að ljóst sé, að á hinni umdeildu landræmu verði ekki lagður bílvegur, án þess að skemmdir hljóttist á eignarlöndum stefndu og girðingum á þeim.

Ekki verður fallist á síðastnefnd andmæli stefndu, enda eiga þau önnur úrræði að lögum, ef til þess kemur, að framkvæmdir áfrýjanda leiði til skemmda eða hættu á spjöllum á eignum þeirra. Önnur andmæli stefndu, sem að framan greinir, eru ekki svo vaxin, að efni séu til að taka þau til greina, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

II.

Fallast ber á með héraðsdómara, að stefndu verði ekki dæmd til að þola breytingar á girðingum eða að láta af hendi land, sem verið hefur afgirt í nokkra áratugi. Pykir áfrýjandi ekki hafa sýnt fram á, að skilyrði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð eigi við í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

III.

Varakrafa áfrýjanda beinist einvörðungu að stefndu. Stefndu andmæla öllum kröfum áfrýjanda um viðurkenningu á rétti til að gera akfæran veg eftir hinni umdeildu landræmu. Hins vegar hafa stefndu ekki í þessu máli talið til eignarréttar yfir landræmunni. Stefndu hafa ekki heldur vefengt, að áfrýjanda eða öðrum sé heimilt að fara um hina ógreiðfæru slóð eftir landræmunni. Þvert á móti hefur af hálfu stefndu komið fram, að landræman skuli vera opin gangandi fólki og búfé.

Ekki hefur verið sýnt fram á, að stefndu eigi neinn þann rétt til hinnar umdeildu landræmu, sem heimili þeim að standa gegn áformum áfrýjanda um gerð akvegjar á henni, en um lagaúrræði stefndu vegna spjalla á eignum þeirra er áður fjallað.

Samkvæmt þessu verður varakrafa áfrýjanda tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ásta Bjarnadóttir, á gagnvart stefndu, Tómasi Kristjánssyni, Sigrúnu Óskarsdóttur, Margréti Óskarsdóttur og Haraldi Ellingsen, rétt til þess að gera akfæran veg eftir vegarstæði frá gamla Álftavatnsveginum (braut 6) að sumar-bústaðarlandi áfrýjanda milli núverandi girðinga um land-spildur stefndu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 14. desember 1992.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 30. júlí og 29. ágúst 1991, og framhaldsstefnu, fram lagðri í dóm 12. febrúar 1992.

Stefnandi er Ásta Bjarnadóttir, kt. 070830-4519, Glæsibæ 7, Reykjavík.

Stefndu eru Tómas Kristjánsson, kt. 010928-3469, Fáfnisnesi 1, Reykjavík, Sigrún Óskarsdóttir, kt. 010135-2819, Fremristekk 8, Reykjavík, Margrét Óskarsdóttir, kt. 260533-2909, Safamýri 95, Reykjavík, og Haraldur Ellingsen, kt. 220535-2239, Vesturbergi 177, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að staðfestur verði réttur stefnanda til að leggja veg að sumarbústaðarlandi sínu í landi Miðengis, Grímsneshreppi, Árnessýslu, frá gamla Álftavatnsveginum, sem liggur nálægt vestanverðum lóðarmörkum sumarbústaðalanda stefndu. Vegur stefnanda liggja á svæði norðan við land stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds og sunnan við land stefnda Tómasar. Vegarstæðið verði fimm metra breitt, það er fyrir fjögurra metra breiðan veg, og 50 cm svæði frá vegkanti að girðingu hvorum megin.

2. Að staðfest verði skylda stefnda Tómasar að fjarlægja án tafar girðingu sína, sem liggur að austanverðu vegarstæði stefnanda á áttatíu og fimm metra kafla austast, – einnig, að staðfest verði skylda stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds að fjarlægja án tafar girðingu sína, er liggur að vestanverðu vegarstæði stefnanda á áttatíu og fimm metra kafla vestast.

3. Að staðfestur verði réttur stefnanda til að bæta við vegarstæðið, eins og það nú er afmarkað með girðingum, annars vegar stefnda Tómasar og hins vegar stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds, þannig, að það nái alls staðar fimm metra breidd. Verði vegarstæðið breikkað til norðurs upp í fimm metra breidd á áttatíu metra kafla austast á vegarstæðinu og til suðurs í fimm metra heildarbreidd á áttatíu metra kafla á vesturhluta vegarstæðisins.

4. Krafist er staðfestingar á ofangreindum atriðum í liðum 1 til 3, án þess að til komi endurgjald eða bætur stefndu til handa. Jafnframt er þess krafist, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins. Verði málskostnaði skipt að jöfnu á milli stefnda Tómasar annars vegar og stefndu Margrétar, Sigrúnar og Haralds hins vegar.

Af hálfu stefnda Tómasar eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði al-sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Af hálfu stefndu Margrétar, Sigrúnar og Haralds eru gerðar þær kröfur, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta í samræmi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Vitnin Guðmundur Ólafsson, eiginmaður stefnanda, Sigurður Albert Jónsson, eiginmaður stefndu Sigrúnar, Kristján Bjarnald Jónsson héraðsráðunautur, Guðmundur Karl Guðjónsson tæknifræðingur og Gísli Guðmundsson gáfu skýrslur fyrir dómi við aðalmeðferð málsins auk aðila.

II.

Hinn 25. nóvember 1944 keypti Elísabet Helgadóttir, móðir stefnanda, um það bil 10.000 fermetra spildu úr landi jarðarinnar Miðengis í Grímsnes-hreppi, Árnessýslu. Seljandi var Gísli Sigurðsson. Var spilda þessi hluti lands, er Gísli hafði fyrr á árinu keypt af Benedikt Einarssyni, bónda í Mið-engi. Stefnandi er nú eigandi umræddrar spildu, og styðst eignarréttur hennar við heimildarbréf, dags. 30. október 1983. Í afsali Gísla til Elísabetar segir m. a.: „Spilda þessi er vestan við svonefnda Fénaðarlaut og liggur að vegarstæði við land Gríms Gíslasonar og að landi Ragnars Jóhannessonar. . . Réttur til vegar og neyzluvatns fylgir.“

Stefndu Sigrún, Margrét og Haraldur eru eigendur að landi því, sem í framangreindu afsali er tilgreint sem eign Gríms Gíslasonar. Afsal til Gríms fyrir landinu var hins vegar ekki gefið út fyrr en 6. júní 1946, og er Óskar Sigurgeirsson, faðir stefndu Margrétar og Sigrúnar, þar sagður eigandi landsins ásamt Grími. Erfðu þær Margrét og Sigrún hlut föður síns. Þá mun Grímur Gíslason hafa selt Erlingi Ellingsen, föður stefnda Haralds, hlut sinn í landinu, og leiðir Haraldur eignarrétt sinn frá föður sínum. Stefndi Tómas er nú eigandi þess lands, sem í afsali Gísla Sigurðssonar til Elísabetar Helgadóttur er tilgreint sem eign Ragnars Jóhannessonar. Land þetta eignaðist Kristján L. Gestsson, faðir Tómasar, með afsali, dags. 24. apríl 1946, og kom það í hlut Tómasar við fráfall föður hans.

Spilda stefnanda er umkringd öðrum spildum. Eiga börn Gísla Sigurðssonar land austan og norðan við spilduna. Vestan við hana er spilda stefnda Tómasar, en að sunnan spilda stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds. Á milli þessara eignarlanda stefndu liggur vegslóði, um það bil 160 metrar að lengd, frá svokölluðum Álftavatnsvegi (braut 6) að landi stefnanda. Er breidd vegslóðans minnst 2,75 metrar og mest 3,45 metrar, og afmarkast breiddin af girðingum, sem settar hafa verið upp á spildum stefndu sunnan og norðan við hann.

Í skýrslu Leifs Hannessonar verkfræðings, dags. 20. júní 1985, sem liggur frammi í málinu, segir svo um leið þá að landi stefnanda, sem hér um ræðir: „Gönguleið að landinu neðan frá vatni liggur milli girðinga að löndum Tómasar Kristjánssonar annars vegar og að landi Margrétar og Sigríðar (svo) Ólafsdætra og landi Haralds Erlingsens (svo) hins vegar. . . Leiðin liggur yfir læk og mýrarsund, síðan upp bratta hraunurð með klettum. Sem vegarstæði er þessi gönguleið mjög erfið og yrði vegargerð mjög kostnaðarsöm. Óhætt er að segja, að landið sé það erfið, að vegargerð sé óframkvæmanleg án þess að taka niður girðingar og rýmka vegarstæðið upp í 5 m . . .“

III.

Dómkrfur stefnanda lúta að því, að viðurkenndur verði réttur hennar til að gera akfæran veg að landi sínu eftir framangreindum vegslóða, og verði vegslóðinn breikkaður í því skyni og á þann hátt, sem í kröfugerð stefnanda greinir.

Dómkrfur stefnanda í málinu grundvallast aðallega á því, að óumdeildur og þinglýstur eignarréttur hennar að landi veiti henni ótvíræðan rétt til aðgengis að landinu með venjulegu vegarsambandi í samræmi við nútíma-samgönguhætti. Í þessu máli sé að auki til þess að líta, að sérstaklega hafi verið samið um það við sölu á þeirri spildu stefnanda, sem hér um ræðir, að eigandi spildunnar ætti rétt til vegar að henni. Vísar stefnandi hér að lútandi til afsalsins frá 25. nóvember 1944 og þeirra ákvæða þess, sem áður eru rakin. Þá komi skýrt fram á uppdráttum, sem fylgt hafi grunneignarheimildum stefndu, að gert hafi verið ráð fyrir vegarstæði sunnan við land stefnda Tómasar og norðan við land stefndu Margrétar, Sigrúnar og Haralds á þeim stað, sem fyrrnefndur vegslóði nú liggur. Breidd vegarstæðisins sé ekki málsett, en af uppdráttunum megi ráða, að hún sé nálægt 7 metrum. Samkvæmt matsgerð dómkvaddra matsmanna sé breidd vegarstæðisins, svo sem það nú er afmarkað með girðingum aðeins 2,75 til 3,45 metrar. Er á því byggt af hálfu stefnanda, að stefndu hafi við afmörkun landa sinna með girðingum farið út fyrir þinglýst réttindi sín og inn á svæði, sem samkvæmt þinglýstum skjölum hafi verið ætlað undir veg. Vísar stefnandi þar um meðal annars til áðurnefndrar matsgerðar.

Stefnandi telur mikla þörf á, að vegur verði lagður að landspildu sinni, bæði til almennrar nýtingar á landinu og sumarbústað, sem þar er, og ekki síður vegna þess, að til standi að reisa nýjan bústað á spildunni. Krefjist það greiðrar aðkomu fyrir stór flutningatæki.

IV.

Í greinargerð stefnda Tómasar Kristjánssonar er því haldið fram, að faðir hans, Kristján L. Gestsson, hafi látið girða spildu sína í landi jarðarinnar Miðengis í Grímsneshreppi fyrri hluta sumars árið 1946. Spilda þessa hafi Kristján keypt af Ragnari Jóhannessyni. Benedikt Einarsson, bóndi í Miðengi, hafi verið vitundarvottur að afsali Ragnars á spildunni til Kristjáns, en Benedikt hafi nokkrum árum áður selt Ragnari spildu þessa. Spilda meðstefndu hafi verið girt tveimur eða þremur árum áður en Kristján girti land sitt. Girðingarframkvæmdum Kristjáns hafi verið hagað þannig, að Benedikt hafi útvegað menn úr sveitinni til framkvæmdanna, en hann sjálfur ákvarðað, hvar hornstaurar yrðu settir niður. Stefndi hafi verið viðstaddur,

þegar það var gert. Girðingin hafi síðan staðið óbreytt á suður-, norður- og austurhlið spildunnar. Breyting, sem gerð hafi verið á vesturhlið hennar árið 1983, hafi enga þýðingu fyrir úrlausn málsins. Við girðingarframkvæmdir hafi Benedikt Einarsson ákveðið að skilja eftir göngustíg á milli landa stefndu, til þess að búfenaður, sem mjög hafi verið haldið til beitar á þessu svæði, ætti greiðari aðgang niður að Álftavatni. Það sé hins vegar fráleitt, að með þessu hafi verið haft í hyggju, að lagður yrði akfær vegur um þessar fjárgötur, enda hafi réttur til þess ekki verið fyrir hendi. Þá sé einnig til þess að líta, að í afsali Gísla Sigurðssonar á landi til móður stefnanda 24. nóvember 1944 komi fram, að spildur þær, sem stefndu eru eigendur að, hafi þá þegar verið komnar í eigu þeirra, sem stefndu leiða rétt sinn frá. Ákvæði í afsalinu frá 1944 um rétt til vegar verði þegar af þeirri ástæðu ekki skilið á þann veg, að stefnandi eigi á grundvelli þess umferðarrétt um spildur stefndu. Miklu fremur hafi verið gert ráð fyrir því, að spildur stefndu skyldu liggja saman. Á því hafi hins vegar orðið breyting við girðingarframkvæmdir Kristjáns L. Gestssonar, en þá breytingu megi rekja til ástæðna, sem áður hefur verið greint frá.

Í greinargerð stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds segir, að Benedikt Einarsson í Miðengi hafi selt þeim Óskari Sigurgeirssyni og Grími Gíslasyni spildu úr landi sínu árið 1941. Sumarhús hafi verið reist 1942 og landið girt eftir fyrirsögn Benedikts sumarið 1943. Girðing sú, er nú umlykur landspildu stefndu, sé að öllu leyti hin sama og reist hafi verið árið 1943, að því þó undanskildu, að hún hafi verið endurgerð á smákafla vegna framkvæmda stefnanda við umrætt vegarstæði árið 1989. Þegar spilda meðstefnda var girt árið 1946, hafi verið ákveðið að skilja eftir stíg á milli landspildnanna í því skyni að auðvelda umferð búfjár og manna að Álftavatni. Gerð stígsins hafi að öllu leyti verið samkomulagsatriði á milli Kristjáns L. Gestssonar og Benedikts bónda í Miðengi.

V.

Sýknukrafa stefndu er aðallega á því reist, að girðingar umhverfis spildur þeirra, sem staðið hafi óbreyttar frá árunum 1943 og 1946, sýni rétt landamerki. Sé sú afmörkun á spildum stefndu í samræmi við eignarrétt þeirra samkvæmt grunneignarheimildum. Til vara er því haldið fram, verði litið svo á, að við uppsetningu girðinganna hafi forverar stefndu tekið sér land umfram það, sem heimildarbréf þeirra kveða á um, að þá hafi stefndu öðlast eignarrétt að hinu oftekna landi fyrir hefð. Þá hafi stefnandi ekki fært fram rök fyrir því, að stefndu þurfi að sæta þeirri skerðingu á þessum eignarráðum sínum, sem stefnandi fer fram á.

Svo sem að framan er rakið, lúta dómkröfur stefnanda að því, að staðfestur verði réttur sinn til að leggja akfæran veg að eignarlandi sínu í landi Miðengis í Grímsnesi, þar sem nú er vegslóði eða göngustígur frá svokölluðum Álftavatnsvegi (braut 6). Vegslóðinn er um það bil 160 metrar að lengd, en breidd hans, sem afmarkast með girðingum, er nú mest 3,45 metrar, en fer samkvæmt mælingu dómkvaddra matsmanna allt niður í 2,75 metra. Kröfur stefnanda miða að því, að vegarstæðið verði í heild 5 metra breitt.

Stefndu eru eigendur að spildum, sem liggja sunnan og norðan við umræddan vegslóða. Hafa girðingar á spildum þessum afmarkað breidd vegslóðans allt frá árinu 1946 og nú svo sem að framan er lýst. Verður ekki séð, að legu þessara girðinga hafi verið breytt frá því, sem í upphafi var, svo að þýðingu hafi fyrir úrlausn málsins.

Verði dómkröfur stefnanda teknar til greina, myndi ótvíræður eignarréttur stefndu á landi, svo sem það lengst af hefur verið afmarkað með girðingum, sæta nokkurri skerðingu. Hefur af hálfu stefnanda ekki verið sýnt fram á, að samningsákvæði, sem vísað hefur verið til, veiti stefnanda þann rétt, sem hún sækir sér til handa með málsókn þessari. Þá standa lög ekki til þeirrar niðurstöðu, að taka beri dómkröfur stefnanda í máli þessu til greina. Verður stefnandi að hlíta því að eiga einvörðungu umferðarrétt um umræddan vegslóða eða göngustíg, svo sem verið hefur, og með þeim takmörkunum, sem við þann rétt eru bundnar.

Samkvæmt framansögðu ber að alsýkna stefndu af dómkröfum stefnanda og dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000 krónur til stefnda Tómasar og 80.000 krónur til stefndu Sigrúnar, Margrétar og Haralds. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Krafa stefndu um vexti af málskostnaði á stoð í 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. áður 3. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, og er eigi þörf á, að kveðið verði sérstaklega á um þetta atriði í dómsorði.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Tómas Kristjánsson, Sigrún Óskarsdóttir, Margrét Óskarsdóttir og Haraldur Ellingsen, eiga í máli þessu að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Ástu Bjarnadóttur.

Stefnandi greiði stefnda Tómasi 80.000 krónur og stefndu Sigrúnu, Margréti og Haraldi 80.000 krónur í málskostnað.